

Reykjavík 31. ágúst 2016

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um félagasamtök til almannaheilla. (Þingskjal 1323 – 779. mál)**

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna því, sem félagasamtök til almannaheilla, að ofangreint frumvarp sé komið fram,

Samtökin vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi efni og form frumvarpsins:

Nytsamlegt gæti orðið og til skýringar að setja framarlega í frumvarpið orðskýringar, til dæmis í 1. grein þar sem orðið félag er skýrt. Orð sem samtökin leggja til að verði skýrð eru þessi: Þátttakendur, félagasamtök, félagasamtök til almannaheilla, félagasamband, fulltrúaráðsfundur.

Orð þessi kunna að reynast leikmönnum óskýr en lög þurfa almennt að vera borgurum vel skiljanleg svo þau nýtist öllum og ekki þurfi að leita til sérfræðinga við að skilja þau.

Í 5. grein þar sem fjallað er um samþykktir væri að mati samtakanna skynsamlegt að kæmi fram hvernig samþykktum verði breytt.

Að mati samtakanna er ákvæði 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins óljóst og hugsanlega leynist þar að auki málvilla, sbr. „í heild geti...“, vantar „að“ fyrir framan „í“.

Í eftirfarandi setningu í 2. mgr. 14. gr.: Í samþykktum félags er einnig heimilt að kveða á um fjölda kjörinna fulltrúa og hvernig þeir skiptast milli þátttakenda eða hópa þátttakenda – er hér átt við hóp þátttakenda í félagasambandi?

Í 3. mgr. 14. gr. segir að kjörnir fulltrúar beiti ákvörðunarvaldi sínu á fundum. Er hér átt við á félagsfundum? Og er þá átt við að fulltrúarnir beiti ákvörðunarvaldi sínu einungis á félagsfundum?

Að mati samtakanna er 15. gr. óljós og leggja þau til breytingu á titli ákvæðisins. Titill verði „Atkvæðagreiðsla í félagasambandi“.

Í 2. mgr. 16. gr. er ráðherra ætlað það hlutverk að skylda félag til að svara kalli um aukaaðalfund. Því má velta upp hvort það hlutverk væri ekki betur geymt hjá sýslumannsembættum, svo sem eins og önnur stjórnsluverk ýmis konar. Sama má segja um 18. gr. og 2. mgr. 36. gr.

Í 21. grein fjallar um atkvæðisrétt þátttakenda. Það ákværði er í beinu framhaldi ákvæðis um aðalfundarboð. Því spyrja samtökin, er fjallað um atkvæðisrétt þátttakenda almennt á félagsfundum eða aðeins á aðalfundum? Ákvæði 21. greinar mætti skýra að þessu leyti.

Í 1. tl. 1. mgr. 23. gr. leggja til að orðalagi verði breytt úr „gildir“ í „telst samþykkt“.

Í 24. grein fjallar um kosningar. Er átt við kosningar til stjórnar og embætta í félagi? Eða er um að ræða kosningar um hvaðeina, svo sem um skuldbindingar félags? Samtökin óska eftir að ákvæðið verði skýrt í greinargerð með frumvarpinu.

Í 34. gr. fjallar um afskráningu á félagi. Barnaheill benda á að til skýringar væri við hæfi að vísa í 38. gr. þar sem fjallar um skrár um almannaheillafélög, þ.e. að ritað verði „sbr. 38. gr.“ aftan við orðin „skrár um almannaheillafélög“.

Í titli 37. gr. vantar bil.

Í 42. gr. fjallar um réttaráhrif skráningar á breytingu samþykka félags, í skrá um almannaheillafélög. Samtökin spyrja, er hér átt við að breyting taki ekki gildi nema og fyrir en hún hafi verið skráð í skrá um almannaheillafélög?

Barnaheill – Save the Children á Íslandi óska þess að tekið verði tillit til ofangreindra athugasemda áður en frumvarpið verður afgreitt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri